



Fundargerð

Stjórn VJP - 123. fundur stjórnar VJP haldinn Á Urriðarholtsstræri 6-8,
8. október 2018, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Guðrún Áslaug Jónsdóttir formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Eyrún Arnardóttir aðalmaður, Anton Freyr Birgisson varamaður, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir varamaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarfélaga, Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri/kerfisstjóri og Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri.

Fundargerð ritaði: Björn Ingi Jónsson, aðalmaður.

1. Svæðisráð vestursvæðis - 69 - 1809006F

Formaður svæðisráðs fer yfir atriði úr fundargerð.

Heiða fór yfir fundargerð og búið er að gera breytingar á skipan í svæðisráði vestursvæði.

Fundargerð samþykkt.

2. Svæðisráð norðursvæðis - 53 - 1809002F

Formaður svæðisráðs fer yfir atriði úr fundargerð.

Anton fór yfir fundargerð svæðisráðs og lagði fram eftirfarandi bókun: " Á fundi svæðisráðs Norðursvæðis 20. sept. 2018 var fjallað um heilsársopnun Gljúfrastofu og brýna þörf á mönnun til að sinna því verkefni. Í bókun svæðisráðs kemur m.a. fram að óraunhæft sé að halda áfram því vinnulagi að bæta þeim skyldum sem falla til við að sinna daglegri opnun gestastofu við önnur hlutverk núverandi starfsfólks. Forsenda fyrir áframhaldandi vetraropnun sé að ráðinn verði heilsárslandvörður á starfsstöðina sem hafi það meginhlutverk að sinna upplýsingagjöf í Gljúfrastofu að vetrarlagi og leiða fræðslustarf í Jökulsárgljúfrum."

Anton vakti athygli á 5. lið í dagskrá svæðisráðsins er snýr að frekari uppbyggingu í Drekaáli. Mikilvægt er að gera skipulagsáætlun fyrir svæðið og vinna deiliskipulag fyrir svæðið.

Umræður sköpuðust um leyfismál vegna reksturs innan þjóðgarðsins og mikilvægi þess að koma fram með skýrar línur í þeim.

Stjórn tekur undir bókun svæðisráðs Norðursvæðis, enda hefur sú stefna að hafa Gljúfrastofu opna á heilsársvísu verið mörkuð áður með stjórnarbókun.

Framkvæmdastjóra er falið að vinna að verkefninu við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2019.

Fundargerð samþykkt.

3. Svæðisráð suðursvæðis - 60 - 1809004F

Formaður svæðisráðs fer yfir atriði úr fundargerð.

Björn Ingi fór yfir fundargerð. Upplýsti um vinnu semkomin er af stað við gerð stjórnunar- og verndaráætlun á Breiðamerkursandi og við Jökulsárlón. Einnig sagt frá samráðsfundi sem haldinn var 4. október að Smyrlabjörgum. Fundargerð samþykkt.

4. Rekstur 2018 - 1802007

Staða rekstrar janúar til og með september. Laun nánast fullbókuð en ýmis annar rekstrarkostnaður vegna september í bókunarferli.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir stöðunni í rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs eftir 9 mánuði. Gott jafnvægi er komið á daglegan rekstur eins og launakostnað sem er stærsti útgjaldaliðurinn en hinsvegar hafa markmið um sértekjur ekki náðst það sem af er ári. Stjórn leggur áherslu á að rekstraráætlun verði endurskoðuð reglulega þegar forsendur breytast eins og er að gerast í rekstraráætlun ársins 2018 varðandi sértekjur. Stjórn óskar eftir að unnin verði afkomuspá fyrir árið 2018 og lögð fyrir á næsta fundir stjórnar. Stjórn leggur áherslu á að ein af forsendum fyrir sértekjum þjóðgarðsins er að fjármagn verði tryggt til að klára vinnu við atvinnustefnu og klára skipulagsvinnu við stóra áfangastaði innan þjóðgarðsins eins og t.d. Jökulsárlón og Jökulsárlgljúfur.

5. Rekstraráætlun 2019 - 1809004

Framkvæmdastjóri fór yfir vinnu við rekstraráætlun 2019.

Umræður um tímaramma við gerð rekstraráætlunar þjóðgarðsins. Mikilvægt er að tími fái til að fjalla um rekstraráætlun í samræmi við lög um Vatnajökulsþjóðgarð segja til um.

6. Þriggja ára áætlun 2019 til 2021 - 1809018

Samkvæmt lögum um opinber fjármál 123/2015 skulu ríkisaðilar á hverju ári móta stefnu fyrir starfsemi sína fyrir a.m.k. næstu þrjú ár.

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að þriggja ára áætlun 2019 til 2021.

7. Atvinnustefna - 1709017

Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu mála.

Stjórn telur að vinna eigi atvinnustefnu í samstarfi við þá vinnu sem í gangi er við skoðun á stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Stjórn felur framkvæmdastjóra að óska eftir samstarfi við starfmann nefndar um stofnun miðhálandisþjóðgarðs við gerð atvinnustefnu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð.

8. Kæra: Arctic surfers ehf vegna starfsemi á Jökulsárlóni - 1809002

Á fundi stjórnar nr. 122 var framkvæmdastjóra falið að svara erindinu. Lagt fram svarbréf Vatnajökulsþjóðgarðs.

Framkvæmdastjóri kynnti svarbréf Vatnajökulsþjóðgarðs dags. 17. september 2018 til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna kæru Arctic Surfers. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs ítrekari fyrri bókun vegna beiðni Arctic Surfers um að hefja atvinnustarfsemi við Jökulsárlón og telur mikilvægt að fram fari greining á þolmörkum svæðisins samfara vinnu við Stjórnunar- og verndaráætlun sem nú stendur yfir.

9. Fyrirspurn vegna leyfisveitinga innan Vatnajökulsþjóðgarðs - 1809020

Erindi frá Ferðafélagi Fljósdalshéraðs dagsett í september 2018. Óskað er eftir upplýsingum um verkferla vegna útgáfu leyfa innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs vekur athygli á því að í 15. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð kemur fram að afla skal leyfis þjóðgarðsvarðar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarðinum, svo sem til kvikmyndunar, listviðburða, samkomuhalds og rannsókna. Þjóðgarðsverði er heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru. Í því tilfalli sem bréfitari fjallar var farið að framangreindum reglum um veitingu sérstaks

leyfis fyrir utanvegahlaup og gerir stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs ekki athugasemdir við málsmeðferðina.

10. Vonarskarð - 1709013

Málið tekir fyrir að beiðni fulltrúa Samút í stjórn

Fulltrúi Samút óskaði eftir upplýsingum um hvar málefni Vonarskarðs væri í kerfinu. Stjórn áréttar að málinu var vísað til svæðisráðs vestursvæðis sem skili greinagerð til stjórnar. Mikilvægt er að greinagerðin svari þeim álitaeftum sem komu fram í tengslum við lokun Vonarskarðs.

11. Íshellaferðir veturinn 2018 til 2019 - 1810001

Ljóst er að stjórnunar- og verndaráætlun er ekki klár fyrir það svæði þar sem íshellar finnast. Nauðsynlegt er að einhverjar reglur verði settar á þessa starfsemi innan þjóðgarðsins.

Ekki liggur fyrir verklag við innheimtu gjalds fyrir Íshellaferðir, því leggur stjórn til að gjaldtökuheimild vegna Íshellaferða verði ekki beitt fyrr en samþykkt atvinnustefna liggur fyrir. Þjóðgarðsverði er falið að setja sig í samband við þau fyrirtæki sem hyggjast stunda Íshellaferðir á Suðursvæði til að fara yfir samstarf við Vatnajökulsþjóðgarð s.s. varðandi öryggi, fræðslu og stýringu umferðar.

Stjórn felur framkvæmdaráði í samráði við þjóðgarðsvörð á svæðinu að leysa málið varðandi aðstöðu við Jökulsárlón vegna Íshellaferða veturinn 2018 til 2019.

12. UNESCO - 1808005

Björn Ingi og Vilhjálmur gerðu grein fyrir úttekt á náttúru og skipulagi Vatnajökulsþjóðgarðs sem fram fór dagana 24. september til 30. september. Um var að ræða úttekt á vegum sendinefndar UNESCO vegna umsóknar um að þjóðgarðurinn verði tilnefndur á Heimsminjaskrá. Auk fulltrúa ráðuneyta og sérfræðinga tóku þjóðgarðsverðir þátt með því að veita fræðslu og leiðsögn hver á sínu svæði. Úttektin gekk vel og voru fulltrúar UNESCO sáttir við skipulag og fyrirkomulag. Niðurstöður um hvort Vatnajökulsþjóðgarður verður tilnefndur á Heimsminjaskrá eiga að liggja fyrir í júní 2019.

13. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir starfið og verkefni frá síðasta fundi stjórnar.

Fundi slitið kl. 17:10.